



Selfossi, 5. nóvember 2021

Kæru forráðamenn

Foreldraviðtöl Stekkjaskóla gengu vel fyrir sig og voru umsjónarkennarar mjög ánægðir að hitta nemendur sína og forráðamenn í viðtali. Það var jafnframt gleðilegt að heyra að nemendum líður heilt yfir vel í skólanum, sjálfsmat þeirra kom almennt vel út og það var mjög gott hljóð í forráðamönnum.

Skólahúsnæði Stekkjaskóla

Við fengum þær gleðilegu fréttir í vikunni að nú styttist í það að skólahúsnæði Stekkjaskóla verði tilbúið. Í næstu viku verður gerð öryggisúttekt á skólahúsnæðinu og í framhaldi af henni mun Heilbrigðiseftirlitið taka húsnæðið út. Þegar allt verður eins og það á að vera verður sótt um starfsleyfi fyrir skólann.

Það styttist því í flutninga í nýtt húsnæði og að undirbúa kennslu nemenda á nýjum stað. Mikil vinna er því framundan við flutninga, móttöku húsgagna og búnaðar og skipulag kennslu. Það er mjög mikilvægt að undirbúa komu nemenda vel þannig að þeim og starfsmönnum líði vel í nýja húsnæðinu strax frá fyrsta skóladegi á Heiðarstekk. Til að þetta gangi allt upp óskuðu skólastjórnendur eftir því við fræðslufirvöld að fá tvo auka starfsdaga í þessa vinnu. Við erum virkilega ánægð með það að fræðslufirvöld sýndu þessari beiðni mikinn skilning og samþykktu hana. Til þess að koma til móts við forráðamenn hafa stjórnendur Stekkjaskóla og frístundar tekið höndum saman og ætla að hafa opna viðveru í Bifröst fyrir þá nemendur sem þurfa á því að halda.

Starfsdagar og opin viðvera fyrir nemendur

Í lok næstu viku ætti að liggja fyrir hvenær hægt verður að flytja og þá verður jafnframt ákveðin dagsetning þessara starfsdaga. Við bindum vonir við það að starfsdagarnir geti orðið í kringum helgina 20.-21. nóvember.

Þegar dagsetningarnar liggja fyrir verður send rafræn skráning fyrir viðveru nemenda í Bifröst fyrir þá nemendur/forráðamenn sem á því þurfa að halda. Opið verður þessa daga frá kl. 7:45-16:00 fyrir nemendur sem eru skráðir í frístund og kl. 7:45-13:10 fyrir aðra nemendur.

Ekki verður rukkað sérstaklega fyrir þessa daga en nemendur þurfa að hafa með sér nesti. Nánari upplýsingar um skráninguna koma í lok næstu viku.

Stefnt er að því að hefja kennslu í nýja húsnæðinu í viku 47 (22/11 - 26/11).

Þakkir til forráðamanna

Við erum virkilega þakklát og ánægð með það hvað forráðamenn og starfmenn hafa verið þolinmóðir og jákvæðir gagnvart dvöl okkar á Bifröst. Það hafa allir tekið þessu með jafnaðargeði en að sjálfsögðu hefur þetta reynt mikið á alla. Við erum full tilhlökkunar að komast í nýja húsnæðið okkar enda erum við búin að bíða lengi eftir því.

Við viljum þakka ykkur forráðamönnum fyrir jákvæðni og gott samstarf það sem af er vetri. Við vonumst til að þið sýnið því skilning að starfsmenn þurfi starfsdaga til að koma sér fyrir á nýjum stað til að taka vel á móti börnunum ykkar.

Með kærri kveðju og góða helgi,

*Hilmar Björgvinsson, skólastjóri
Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri
Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu*